



Skógræktarfélag Selfoss

Ársskýrsla Skógræktarfélags Selfoss 2023-2024

Vorið 2023 var umhleypingasamt. Næturfrost í maí og júní eyðilögðu blómgun á birki og því var ekkert birkifræ í Hellisskógi annað árið í röð. Heldur engin blómgun á sitkagreni. Veðrið um sumarið var hagstætt skógargróðri, góður vöxtur, engin toppbrot vegna vinds og engin næturfrost í júlí og ágúst og milt fram eftir hausti. Nokkuð bar á skemmdum í litlum öspum vegna asparglittu, en minna en oft áður. Birkipéla og birkikemba voru sömuleiðis minna áberandi en undanfarin ár. Ekkert sást af sitkalús. Veturinn 2023-24 var nokkuð góður, nema leiðinda suðvestan rok um tíma í febrúar. Frost fór talsvert ofan í jörð þar sem snjór var ekki til að hlífa. Vorveðrið 2024 var óvenju kalt, þurrt, sólríkt og næðingssamt. Í lok mars varð eldur laus í skóginum vegna fikts unglunga. Þá brunnu um 150-200 fermetrar í birkiskógi ofan við bílastæðið. Mögulegar skemmdir á trjánum eiga eftir að koma í ljós.

Fundur

Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss var 26. apríl kl.20 og var að þessu sinni haldinn í Golfskálanum á Svarfhólsvelli. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin var öll endurkjörin. Úlfur Óskarsson flutti fyrirlestur um kolefnisbindinu í trjám eftir fundinn. Tólf mættu á fundinn.

Greitt var fyrir afnot af salnum með 20 birkiplöntum sem félagsmenn (9. manns) stungu upp norðan við Grímskletta 10. maí. Plönturnar voru settar í strigaumbúðir og afhentar golfmönnum daginn eftir.

Á starfsárinu voru 2 formlegir stjórnarfundir, 20. sept 2023 og 6. mars 2024.

Síðdegis 18. sept gengu Örn, Hermann og Snorri um Hellisskóg og skoðuðum plöntunarstaði og staði fyrir skilti.

Formaður gekk með Brúarvinnuflokki Ingva Rafns um Hellisskóg í byrjun apríl og skoðaði með þeim möguleg vinnusvæði. Brúarvinnuflokkurinn fékk kr. 500.000 í styrk frá Sigtún Þróunarfélagi til endurbóta á gönguleiðum í Hellisskógi.

Áfram var unnið við uppbyggingu á heimasíðu félagsins www.hellisskogur.is. Þar eru nú komnar allar ársskýrslur frá upphafi starfs í Hellisskógi 1986.

Plöntun og önnur störf

Enginn vinnuflokkur starfaði í Hellisskógi sumarið 2023. Þetta er annað sumarið í röð sem slíkt gerist.

Gönguhópur Ingva Rafns var sem fyrr duglegur við að lagfæra stíga og aðstoða við bekkir og sömuleiðis hjálpuðu "Frískir Flóamenn" við að bera bekk langa leið og koma honum fyrir.

Skógræktarfélag Selfoss sótti um plöntukaupastyrk hjá tveimur sjóðum á vormánuðum, Vorviði og Nýmörk. Fékk styrk frá báðum en nýtti bara styrkinn frá Vorviði. Félagið fékk plöntustyrk upp á kr. 300000 hjá Vorviði. Keyptar voru plöntur fyrir þessa upphæð í



gróðrarstöðinni Þöll og í Kvistabæ.

Í Kvistabæ voru keypar 530 birkiplöntur (Embla) í 67 gata bökkum. Helmingurinn dó vegna rôtarkals fyrir plöntun og var skilað. Í þöll voru keyptar 560 plöntur af svartelri (35 gata bakkar), 350 ryðelriplöntur (Hvaleyrarvatn) 35 gata bakkar, 35 stk balsamösp (Selvogsgata /Hafnarfj) 35 gata bakki, 35 stk fjallafura (Rauðavatn) 35 gata bakki, 4 blæelri (pottapl) og 2 svartelri (pottapl). Einnig voru keyptir 4 reyniviðir (pottapl).



Öllum plöntunum var plantað í Hellisskógi.

Þann 17. apríl stakk formaður niður 32 græðlingum af völdum öspum og 7 græðlingum af gullklukkurunna í skurðbakka sunnan við Tjarnarhóla og 19. apríl plantaði hann 5 sitkagreniplöntur og 5 öpum efst í Hellisgili.

Félagsmenn í Skógræktarfélaginu voru boðaðir fimm sinnum til vinnu á starfsárinu. Fyrsti vinnudagurinn var 10 maí kl. 20. Þá var flutt mól að tveimur bekkjum og síðan stungnar upp 20 birkiplöntur. Rótum var pakkað í striga. Níu mættu.

Þann 14. maí var stungið niður 1000 aspargæðlingum. Græðlingunum var stungið norðvestan við Grímskletta, meðal annars í skurðruðninga. Níu mættu.

Þriðja vinnukvöldið var 12. júní. Þá var plantað í móann austan við Hellinn (óunnið land). Plantað var 270 lélegum birkiplöntum frá Kvistabæ (265 birkiplöntur voru ónýtar og skilað), 210 svartelriplöntum og 35 plöntum af balsamösp (Hafnarfjarðarkvæmi). Allt frá Þöll. Níu mættu. 35 fjallafurum var plantað fram við Réttarklett nokkrum dögum seinna.

Fjórða vinnustundin var kl. 16 þann 28. september. Þá var plantað 700 fallegum elriplöntum frá Þöll, 350 svartelri- og 350 ryðelriplönur. Flestum plöntum var plantað meðfram Hellisbrú framan við Réttarklett. Björgvin og Örn dreifðu síðar 70 elriplöntum víða um Hellisskóg. Tólf mættu í plöntunina.

Loks vann vaskur hópur félagsmanna að því að koma fyrir sex fuglaskiltum í skóginum í september og október.



Ein af mörgum sumareikum sem plantað hefur verið í Hellisskógi.

Engum áburði var dreift sumarið 2023.

Aldís í Kvistabæ gaf skógræktarfélaginu 15 fallegar pottaplöntur af fjallapöll. Þeim var plantað í október inn í þétt birki við Grímskletta og vestan við Tjarnarhóla.

Formaður keypti tvær plöntur af serbagreni og tvær af doglasgreni í gróðrarstöðinni Þöll. Fékk gefins tvær hersliviðarplöntur (fyrir að skila bökkum). Þessu var plantað í nýja trjásafnið í október.

Í október tókst að kaupa í Náttuga tvo bakka (80 plöntur) af lerkiblendingnum Hrym. Eftirspurn eftir Hrym er langt umfram ræktun. Því er gulls í gildi að fá þessar plöntur. Fimmtán plöntum var pottað til frekari ræktunar en 65 plöntum plantað 22. og 26. október norðan við Grímskletta (50 pl) og við Réttarklett (15 pl). Plönturnar voru rótarlitlar

spíru og vandmeðfarnar. Hrymur hefur staðið sig mjög vel í Hellisskógi.

Í október og byrjun nóvember plantaði formaður 20 sífjalerkibörnum vestan og norðan við Grímskletta. Þetta eru þriggja ára sáðplöntur af sífjalerkitrjánnum sunnan undir Grímsklettum. Það verður spennandi að sjá hvernig þeim reiðir af.

Dagana 4. - 5. nóv plantaði formaður 36 alaskaöspum úr eigin ræktun (2. ára, 50-100 cm) í lúpínubreiðu rétt austan við verðandi suðurlandsveg. Þetta eru tilraunaaspir ættaðar frá Tumastöðum / Hrosshagi.

Eins og undanfarin ár plantaði formaður ýmsum plöntum úr eigin ræktun um sumarið og haustið. Þeim var plantað víða um skóginn. Að þessu sinni voru þetta 15 plöntur.

Alpareynir (2), fjallareynir (1), kíhareynir (1), pálmareynir (2), sumareik (2), reyniviður (3), rauðgreni (1), sitkagreni (1) og tvær gullregnsplöntur.

Eins og undanfarin ár sá Björgvin Örn um að grisja valda reiti og fella tré undan rafmagnslínum. Mikið og þarft verk.



Bekkir og stígar

Húsasmiðjan gaf Skógræktarfélagi Selfoss þrjár bekkja / borð samstæður til að nota í Hellisskógi.

Tvær bekkjasamstæður voru settar upp í Hellisskógi þann 21. apríl. Gönguhópur Ingva Rafns aðstoðaði við að koma bekkjunum á sinn stað í skóginum. Annar bekkurinn var settur við suðurenda Hellisbrúar og hinn við göngustíg með Ölfusá rétt við Hellisgil. Hópur félagsmanna í skógræktarfélaginu sá um lokafrágang 10. maí. Gönguhópur Ingva Rafns samanstendur af níu körlum á besta aldri sem hafa síðastliðið ár verið iðnir við að lagfæra göngubrýr, bekki, grindverk og skilti í skóginum.

Þriðja bekknum var komið á sinn stað 25. júlí. Hlaupahópurinn "Frískir Flóamenn" sá um að bera bekkinn 350 m og koma honum fyrir við Réttarklett.

Með sívaxandi umferð gesta um Hellisskóg er mikill fengur af svona gjöf og þjónustustarfi gönguhópsins og hlaupahópsins.

Skógræktarfélag Selfoss þakkar Húsasmiðjunni fyrir þessar veglegu gjafir og gönguhópi Ingva Rafns og hlaupahópnum “frískir Flóamenn” fyrir þeirra framlög.

Skúli í Bakkaverki kom með eitt mulningshlass sem notað var við bekkina og fuglaskiltin.



Grafið fyrir fuglaskilti á árbakkanum.

Fuglaskilti

Í Hellisskógi og á Ölfusá við skóginn er mikið fuglalíf. Til að auðvelda gestum skógarins að þekkja fuglana voru útbúin skilti með algengustu tegundum. Skiltin sína fugla á Ölfusá, í skóginum og á opnum svæðum í Hellisskógi. Alls sex skilti.



Fyrstu þrjú fuglaskiltin voru sett neðan við aðal bílastæðið þann 6. september. Verkið unnu Snorri, Örn og Guðmundur B Sigurðsson gröfumaður.. Öðrum þremur var dreift um skóginn þann 11. okt. Verkefnið er styrkt af Pokasjóði fyrir tilstuðlan Ferðafélags Árnesinga. Fagform sá um skiltagerðina. Myndir voru límdar á álplötu sem síðan var skrúfuð föst á timburgrind. Öll skiltin komu vel undan vetri

Gönguferðir og árviss hlaup.

Eins og undanfarin ár gekk mikill fjöldi um Hellisskóg, sumir á hverjum degi.

Ein skipulögð ganga var á árinu. Þann 1. október var ganga um Hellisskóg undir formerkjunum “Menningarmánuðurinn október”. Aðeins fjórir mættu.

Á föstudagurinn langa var “Bakgarðspíslinni” í Hellisskógi haldin í þriðja sinn. Alls tóku 57 hlaupar þátt í hlaupinu og þeir sem hlupu lengst fóru 50 km.

Selfoss, mars 2024

Örn Óskarsson

Stjórn Skógræktarfélags Selfoss 2023-24

Örn Óskarsson formaður

Snorri Sigurfinnsson ritari

Hermann Ólafsson gjaldkeri

Björgvin Örn Eggertsson meðstjórnandi

Hlíf Böðvarsdóttir meðstjórnandi